

3. Fundur í foreldraráði, foreldrafélags FSH, 02.apríl 2009

Mættar voru; Elín, Fanney, Viðar og Helga

- ✓ Tún var aðeins til umræðu og þá helst vegna þess að hugmynd er um að reyna að gera það athvarf fyrir 16-18 ára svo sá hópur hafi samastað, líklega myndi húsið jafnframt nýtast starfi aldraðra.
- ✓ Skólameistari Laufey kom við hjá okkur og sat megnið af fundinum og var það gott að fá hana til að varpa ljósi á ýmis mál.
- ✓ Elín sat skólameistarafund um daginn og kom okkar punktum að (sem getir er í síðustu fundargerð)
- ✓ Umræða um bókamarkaðinn sem hefur komið síðustu misseri, allir sammála um að betur þurfi að gera og skólameistari tók undir það. Þetta verður skoðað fyrir næstu önn.
- ✓ Skólameistari staðfesti það að engin forfallakennsla er við FSH og sérstaklega slæmt ástand á viðvera kennara þessa önnina staðreynd. Það er margt sem veldur því, námsskrárvinna, mastersnám, veikindi og fleira. Það er í skoðun hvort hægt sé að koma upp samskiptaneti milli kennara og áfangahóps um fjarvist í tölvupósti svo ekki þurfi að koma til mæting án kennara.
- ✓ „Moodle“ er kennslukerfi sem skólinn tók upp um síðustu áramót og virkar sami aðgangur inni það kerfi og „INNUNA“ allri nemendur hafa aðgang að þessu og auðveldar þeim að stjórna og bera meiri ábyrgð sjálf á sínu námi og verkefnum. Flestir kennarar nýta þetta kerfi.
- ✓ Við viljum kanna áhuga NEF á að sjæna kennaragangskjallarann og færa matstofuna þangað og hafa kannski 1x í viku í boði bollasúpu og nýtt brauð og kannski 1x í viku skyrboost, svo komi til meiri fjölbreytni og áhugi á að vera í skólanum í hádeginu frekar en að fara í sjoppu eða bakarí.
- ✓ Umræða um busavíglur fór fram og viljum við í félaginu sjá breytingu á því til þess vegar að þetta verði bara í 1 dag sem athöfn. Sleppa niðurlægjandi uppboði og þeir sem ekki vilja taka þátt af einhverjum ástæðum, fái að losna frá þessu án vandkvæða.
- ✓ Kynningarbréf skrifar Helga